

# Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 16. maí 2022 klukkan 17:00.

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Vigdís Matthíasdóttir, Þormóður Skorri Steingrímsson og Einar Gíslason.

## 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Íva Rut Viðarsdóttir er kjörinn varaformaður Fáks.

## 2. Almennadalur og Fjárdal

Formaður og framkvæmdastjóri hittu eftirlitsaðila hjá byggingarfulltrúa og starfsmenn borgarinnar sem hafa með borgarlandið að gera í Almennadal og fóru yfir óleyfilegar girðingar og annað sem hefur verið sett niður á byggingarlóðir í óleyfi.

Farið var fram á að Reykjavíkurborg fari í það að taka niður girðingar og koma öðrum aðföngum í burtu sem ekki eru með leyfi.

Þá er stefnan að halda sameiginlegan fund í maí með iðkendum í Almennadal og Fjárdal um málefni svæðisins.

## 3. Tillaga til stjórnar um uppsetningu þrautabrautar

Á aðalfundi félagsins var lesin upp áskorun til stjórnar um uppsetningu þrautabrautar á félagssvæði Fáks.

Stjórn samþykkir að kanna þessi mál og tilnefni Dagnýju Bjarnadóttur, Sigurbjörn Bárðarson og Orra Árnason til að vinna þetta mál frekar og koma með tillögu.

## 4. Tillaga til stjórnar um uppsetningu á teljara á reiðvegi Fáks

Fram kom tillaga á aðalfundi um uppsetningu á teljara á reiðvegi Fáks. Frummælandi sagðist geta útvegað teljara og frírri uppsetningu á í kringum 500.000 kr. Formaður ræðir við frummælanda um fjármögnun á teljara.

## 5. Tjaldsvæði á landsmóti – Fákssvæði

Tekin hafa verið frá 40 stæði fyrir Fáks félag á Landsmóti á Hellu. Sett verður frétt í loftið í vikunni um það.

Fundi slitið 18:00

Fundargerð ritaði Einar Gíslason